

SEL heimilisfræði 5. bekkur 2020-2021

Kennarar: Berglind Sigurgeirsdóttir

| 5

Lýsing

Heimilisfræði er kennd í svokölluðum smiðjum þar sem nemendur mæta tvisvar í viku í 6-8 vikur. 5. bekkur mætir einu sinni í viku í 80 mínútur og einu sinni í viku í 60 mínútur. Nemendur baka og útbúa léttu rétti undir leiðsögn kennara og fá leiðbeiningar við þrif og frágang.

Markmið:

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir. Heimilisfræði er að upplagi verkgrein og í henni eru órjúfanleg tengsl milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis.

Áhersla er lögð á að nemandi geti farið eftir fyrirmælum og sýni kurteisi, hjálpssemi og vilja til samvinnu.

Námsefni:

Uppskriftir og efni frá kennara.

Kennsluaðferðir:

Innlagnir fyrir hópinn, verklegar æfingar, samvinnunám og umræður.

Námsmat:

Nemendur eru metnir eftir hæfniviðmiðum námslotunnar.

Hæfni nemenda er gefin út frá kvarðanum:

Framúrskarandi (blár), hæfni náð (grænn), þarfnast þjálfunar (gulur), hæfni ekki náð (rauður).

SEL Heimilisfræði 5. bekkur 2020-2021

- **Samantektareinkunn**

SEL Heimilisfræði 5. bekkur 2020-2021 - Matur og lífshættir

- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.

SEL Heimilisfræði 5. bekkur 2020-2021 - Mat á vinnubrögðum

- Fer eftir fyrirmælum og getur nýtt sér leiðbeiningar.
- Sýnir frumkvæði og sjálfstæði.
- Sýnir vinnusemi og vandvirkni.